



**Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði**  
**28. desember 2016 kl. 16:00.**

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, formaður

Helga H. Vigfúsdóttir

Jón Þór Þorvarðarson

Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi

**1. Sala á lóð úr landi Víðivalla ytri II.**

Ketill Hallgrímsson kt. 190460 5419 kaupir 1 ha landspildu úr landi Víðivalla ytri II af Jóni Ólafi Sigurðssyni. Lagður fram þinglýstur kaupsamningur um kaupin ásamt yfirliti úr Þjóðskrá um veðbanda kvaðir. Einnig lagður fram hnitasettur uppdráttur af landspildunni með afmörkuðum byggingarreit.

Byggingar- og skipulagsnefnd hefur engar athugasemdir við framlögð gögn og felur byggingarfulltrúa að sjá til þess að eignin sé skráð á viðeigandi hátt í Þjóðskrá.

**2. Stöðuleyfi og stöðuleyfagjöld.**

Farið yfir umræður um útgáfu stöðuleyfa og stöðuleyfagjöld, sem birst hafa á vef byggingarfulltrúa nýverið. Umræðan hófst um stöðuleyfagjöld vegna gáma í Hafnarfirði, þar sem efast var um að starfsmenn sveitarfélagsins kynnu að telja og jafnframt komu fram efasemdir um hvort sveitarfélagið hefði heimild til gjaldtökunar.

**3. Framkvæmdir á döfinni innan sveitarfélagsins.**

Hrafnkelsstaðir: Hjörtur Kjerúlf hafði samband við byggingarfulltrúa vegna fyrirhugaðrar uppsetningar á tveimur húsum sunnan við íbúðarhúsið á Hrafnkelsstöðum. Byggingarfulltrúa skildist að hús þessi væru svipaðrar gerðar og sumarhús Jónasar á Langhúsum. Hirti var bent á að leggja fram uppdrætti af húsunum ásamt skráningartöflu og afstöðumynd.

Melar: Eyjólfur er byrjaður á framkvæmdum við fjárhúsbygginguna sem samþykkt var í byggingar- og skipulagsnefnd 10. júlí 2015. Jarðvinna í húsgrunni er hafin en frekari framkvæmdir bíða vors.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:00

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf

Helga H. Vigfúsdóttir

Jón Þór Þorvarðarson